



KENNARASAMBAND  
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. júní 2022

**Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands (KÍ) um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs (lágmarkstryggingavernd, tilgreind séreign o.fl.), þskj. 1033 - 690. mál.**

Um leið og KÍ tekur undir mikilvægi þess að framtíðarskipan lífeyrismála verði ljós og styður stjórnvöld í því að fylgja eftir ákvæðum stjórnarsáttmálans um slíka vinnu verður sambandið enn einu sinni að mótmæla því harðlega að stjórnvöld hyggist breyta lögum, þvert á fyrri stefnumörkun og án nauðsynlegs samráðs, undirbúnings, greiningar og vinnu.

Með hækkunum lífaldri, aukinni fjölbreytni mannlífsins og alþjóðavæðingu eru lífeyrismál sem aldrei fyrr hornsteinn réttláts þjóðskipulags. Sú hætta er raunveruleg að þær breytingar sem í þessu frumvarpi felast muni enn auka á ójöfnuð í íslensku samfélagi. Slíkar breytingar draga úr félagslegri einingu og sátt. Þannig geta þær skapað mjög alvarleg lýðræðisleg vandamál og óeiningu.

Í frumvarpinu er lögð til hækkun á lágmarksiðgjaldi og tryggingarvernd. Vægi samtryggingar verður minna og hægt verður að ráðstafa hluta lífeyrissparnaðar fyrir á ævinni til húsnæðiskaupa.

Þrátt fyrir að þetta mál hafi ítrekað komið til umræðu á síðustu misserum hefur ekkert raunverulegt samráð farið fram. Þá hafa þær tillögur sem hér er unnið með ekki verið settar í sambengi við aðra grunnstefnumörkun í viðkomandi málaflokkum og stangast í einhverjum tilfellum á við hana.

Þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu eftir að það birtist í samráðsgátt duga ekki til. Lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna geta ekki rekið sjálfstæða stefnu með tilliti til vægis séreignar og sameignar verði þetta frumvarp að lögum. Þá er því algerlega ósvarað með hvaða hætti hinar þrjár stoðir lífeyriskerfisins skulu vinna saman í framtíðinni. Óljóst er hvort og með hvaða hætti almannatryggingar hlaupa undir bagga með þeim sem verða fyrir alvarlegum áföllum á starfsævinni, til dæmis vegna veikinda, slysa, ofbeldis, fjölskylduaðstæðna, hamfara eða annars. Þá er sú hætta fyrir hendi að slík áföll verði til þess að fólk tapi þeim lífeyrissparnaði sem lagður hefur verið í húsnæði.

Engin tilraun hefur verið gerð til að greina, þrátt fyrir margar ábendingar, hvaða áhrif breytingarnar munu hafa á ólíka hópa í íslensku samfélagi.

Ofan á það bætist að málið virðist eiga að vinna í miklum flýti, með óvenjulega stuttum umsagnarfresti og að því er virðist með handahófskenndum hætti. Ekki er til dæmis að sjá að langstærsti lífeyrissjóður landsins sé beðinn um umsögn þrátt fyrir að ljóst sé að áhrifin á hann yrðu gríðarleg.

Af ofangreindu er ljóst að frumvarpið er hvergi nærri nógu vel unnið til að geta orðið að lögum. Það er hugsanlega ein alvarlegasta aðförla að jöfnuði í íslensku samfélagi sem gerð hefur verið og það að hún skuli vera gerð án tillits til annarrar stefnumörkunar stjórnvalda grefur ekki aðeins undan frumvarpinu sem slíku heldur allri annarri stefnumörkun stjórnvalda, t.d. hvað varðar grænbók um lífeyrismál og vandann á húsnæðismarkaði.

KÍ hefur látið húsnæðismál til sín taka og á sæti í nefndum og starfshópum um húsnæðismál. Meðal verkefna slíks samstarfs er að koma með hugmyndir að umbótum á húsnæðismarkaði og leiðum til að auðvelda fólki kaup á húsnæði. Því fagnar KÍ þeim hugmyndum sem settar eru fram í frumvarpinu um nýtingu séreignarsparnaðar til kaupa á íbúðarhúsnæði en mundi vilja frekara samráð hvað útfærslu þeirra varðar. Mikilvægt er að slíkar skattalegar ívilnanir nái til stærri hóps íbúðarhúsnæðis sem gæti þurft á þeim að halda, ekki aðeins þeirra sem kaupa fyrstu íbúð eða hafa ekki átt íbúðarhúsnæði síðastliðin fimm ár. KÍ telur sig hafa ýmsar hugmyndir fram að færa, t.d. hvað varðar skilyrði nýtingu viðbótarsparnaðarins og endurgreiðslur til lífeyrissjóðs við sölu húsnæðis þegar ekki er keypt önnur eign í staðinn.

Engar þær breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu sem breyta fyrri afstöðu KÍ til málsins og leggst sambandið gegn því að óbreytt frumvarp verði að lögum. Jafnframt ítrekar sambandið mikilvægi þess að raunverulegt samráð eigi sér stað um framtíðarskipan lífeyrismála hér á landi.

Virðingarfyllt

f.h. Kennarasambands Íslands



Magnús Þór Jónsson

Formaður Kennarasambands Íslands



Anna Rós Sigmundsdóttir

Sviðsstjóri lögfræðisviðs Kennarasambands Íslands